

Brunavarnaáætlun

2024 til 2029



**Brunavarna Stykkishólms
& nágrennis**

Efnisyfirlit

Samþykkt	1
Markmið.....	2
Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar	2
Gerð brunavarnaáætlunar	2
Endurskoðun brunavarnaáætlunar	3
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar.....	3
1. Kafli - Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins.	4
1.1 Mengunarvarnaáætlun.....	4
1.2 Slökkviáætlun.....	4
1.3 Stærri áhættur í Stykkishólmi.	5
Svæði 1 - Miðbær.	6
Svæði 2 - Verslunar og þjónustusvæði.	6
Svæði 3 - Reitarvegur blönduð atvinnustarfsemi.....	6
Svæði 4 - Iðnaðarsvæði við Nesveg.....	6
Svæði 5 - Hamraendar blönduð atvinnustarfsemi.	6
Svæði 6 - Helgafellssveit.....	6
Greinagerð.	7
2. Kafli - Þjónustustig.....	8
3. Kafli - Skipulag slökkviliðs.....	9
3.1. Skipulag.....	9
3.2. Forvarnarstarf	10
3.3. Útkallsstarf	11
3.4. Önnur verkefni.....	12
3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	12
3.6. Útkallstími.....	13
4. Kafli - Húsnæði og tækjabúnaður	15
4.1. Húsnæði.....	15
4.2. Búnaður.....	15
4.3. Æfingarsvæði.....	18
5. Kafli - Slökkvivatn	19
6. Kafli - Sérstakar bruna- eða mengunarhættur	20
6.1 Stykkishólmsbær	20
6.2 Helgafellssveit.....	21
6.3 Fyrirkomulag byggðar með tilliti til eldhættu.....	23
6.4 Gróðureldar	23
6.5 Hafnarsvæði.....	23

6.6 Vatnsból / Vatnsvermdarsvæði.....	24
6.7 Varafl á svæðinu.....	24
6.8 Tíðni skoðanna.....	24
7. Kafli - Samkomulag og samningar.....	25
7.1 Flugvöllur	25
8. Kafli - Framkvæmdaáætlun.....	26
8.1. Húsnæði.....	26
8.2. Bifreiðar	26
8.3. Menntun og búnaður	26
8.4. Framkvæmdaáætlun.....	27
Dreifingarlisti.....	29
Heimildir	29
Fylgiskjöl.....	30
Fylgiskjal 1 – Útkallstími.....	31
Fylgiskjal 1.1 - Útkallssvæði.....	32
Fylgiskjal 2 - Skoðanir.....	33
Fylgiskjal 3 - Menntun.....	36
Fylgiskjal 3.1 – Menntunaráætlun og endurmenntun.....	36
Fylgiskjal 4 - Æfingaráætlun	37
Fylgiskjal 4.1 - Æfingaráætlun	38
Fylgiskjal 5 – Mynd af hafnaraðstöðu	39
Fylgiskjal 6 – Brunahanar og Vatnstökusvæði í Stykkishólmi	40
Fylgiskjal 8 - Götukort	44
Fylgiskjal 9 - Samningar.....	45

Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir Slökkvilið Brunavarna Stykkishólms & nágrennis samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“ Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur [samþykki Húsnæðis og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar].¹⁾ Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim..”

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í sveitarfélaginu. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Stykkishólmui dags, _____.

f.h. Sveitarfélagsins Stykkishólms

f.h. Brunavarna Stykkishólms og nágrennis.

Reykjavík dags, _____.

f.h. Húsnæðis og mannvirkjastofnunar

Markmið

Slökkviliðið hefur að leiðarljósi með þessari brunavarnaáætlun að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

“ Markmið laga þessara er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.”

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000,:

“ Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur [samþykki Húsnæðis og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar].¹⁾ Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim..”

Jafnframt er eitt af megin markmiðunum slökkviliðs með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum sveitarfélagsins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Gerð brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Stykkishólms eftir Leiðbeininga blaði 6.042-2015 Mannvirkjastofnunar.

Í brunavarnaáætlun er áhættumat við eðlilegar aðstæður, en ekki er til áætlun við almannavarnar ástand.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun eru viðbragðsáætlanir. Mengunarvarnaráætlun sjá lið 1.1 og slökkvíaætlun sjá lið 1.2 fyrir stærstu og erfiðustu áhættu þættina á svæði slökkviliðsins.

Niðurstöður úr þessum áætlunum leiða í ljós hvort:

- 1. Kafli - Tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- 1. Kafli - Fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- 4. Kafli - Slökkvistöðvar slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins
- 5. Kafli - Nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða bæta tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana.

Brunavarnaáætlun Brunavarna Stykkishólms & nágrennis

Brunavarnaáætlunin á að skilgreina nauðsynlegt rekstrarfé fyrir slökkviliðið og afskriftareglur búnaðar sem kemur fram í kafla 5. um húsnæði og búnað.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum vegna samstarfssamninga. Sjá fylgiskjal 9.
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Ef veigamiklar breytingar verða á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar

Eftirtöldum aðilum var gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar Slökkviliðs Brunavarna Stykkishólms og nágrennis.

- Almannavarnarnefnd vesturl.
- Björgunarsveitin Berserkir
- Húsnæðis og mannvirkjast.
- Byggingafulltrúi Stykkishólmi
- Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms
- Heilbrigðisfulltrúi Vesturlands
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands
- RARIK, Stykkishólmi
- Lögreglustjórn á Vesturlandi
- Sýslumaðurinn á Vesturlandi
- Neyðarlínan
- Veitur
- Vinnueftirlit ríkisins Vesturlandi
- Slökkvilið Grundarfjarðar
- Slökkvilið Snæfellsbæjar
- Slökkvilið Dalabyggðar
- Slökkvilið Reykhólahrepps
- Slökkvilið Borgarbyggðar

1. Kafli - Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins.

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Áhættumat byggt á mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðs og slökkviliðsstjóra, að hluta sótt í leiðbeiningarblað Mannvirkjastofnunar 6.053 viðauka I og II og 6.065. Þar sem er að finna viðmið búnaðar og mannaflaþörf vegna slökkvistarfa og hættulegra efna og það borið saman við núverandi búnað og mannafla slökkviliðsins sem er að lágmarki 20 og 25 að hámarki með stjórnendum, tveim dælubílum og lausum dælum með dælugetu upp á 8500 l/ mín, 16000 lítra tankbifreið, ásamt öðrum búnaði sem tilgreindur er í kafla 4.2. Einnig er byggt á skráðum slysum og útreikaðri vatnsþörf stærri bygginga í sveitarfélaginu, upplýsingum brunahana frá Veitum og kortlagningu vatnstöku. Miðað er við stöðuna árið 2021 og þeim slökkvi- og mengunaráætlanir sem unnar voru 2021 og koma fram í kafla 6. Út frá þessum upplýsingum er skipulag okkar byggt.

1.1 Mengunarvarnaáætlun.

Mengunarslys á starfssvæðinu eru helst við flutninga á olíuvörum og smáskömmtum af eitur og spilliefnum. Eldsneyti er allt flutt með tankbifreiðum á þessu svæði, própangas og súrflöskur með flutningabifreiðum. Engin olíubirðastöð er í bænum en 3 afgreiðslu stöðvar eldsneytis.

Stærstu mengunaráhættur í bæjarfélaginu eru ammoníak í frystihúsi Agustsson ehf Austurgötu 1 og Þórsnesi Reitarvegi 14.

Aðgerðir miðast við að hindra útbreiðslu og rýma nærliggjandi byggingar eftir aðstæðum. Blandaður klór er við sundlaug, Borgarbraut 4.

Viðbrögð og búnaður vegna mengunarslys í höfnum á Snæfellsnesi er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og mun slökkvilið koma að þeirri vinnu ásamt hafnarstjóra.

Vatnsverndarsvæði í Svelgsárhrauni er utan alfaraleiðar, sjá fylgiskjal. 6. þannig að lítil hætta á mengun, lítið er um náttúruminjar sem eru í alfaraleið.

Kerra með lámarks búnaði er staðsett í Stykkishólmi auk sóða, hreinsi og uppsogsefna í smáskömmtum.

Froðu birgðir eru samkvæmt búnaðarlista og samkvæmt leiðbeiningarblaði Mannvirkjastofnunar 6.053 og viðauka II að lágmarki 200 lítrar.

Eiturefnamappa er í fyrsta bíl.

Verði ófyrirséð óhapp, svo sem slys sem hafa ekki orðið á 50 ára tímabili og önnur slys sem viðbragðsaðilar hafa enga reynslu af og eiga ekki búnað til að ráða við sem slökkvilið ræður ekki við þarf að leita aðstoðar frá öðrum aðilum t.d. Neyðarlínunni og Almannavörnum sem hafa yfir að ráða sérþekkingu og búnaði.

1.2 Slökkvíáætlun.

Slökkvíáætlanir Slökkviliðs Stykkishólms og nágrennis eru unnar af slökkviliðinu út frá mati á getu slökkviliðs miðað við búnað og mannafla og koma fram í kafla 6. Vinnuregla slökkviliðs er lífbjörgun, slökkvistarf, hindra útbreiðslu og verðmætabjörgun. Slökkviliðið er með tvo dælubíla með 3400 lítra af vatni og dælugetu upp á 5100 lítra/mínútu, tankbíl

Brunavarnaáætlun Brunavarna Stykkishólms & nágrennis

með 16000 lítra, lausar dælur dælugeta 3000 lítrar/mín annan búnaður upptalin í búnaðarlista í kafla 4.2. Í liðinu eru 21 slökkviliðsmaður og reynsla er að í útköll mæti 15 menn út frá því má ætla að slökkviliðið ráði við eld í byggingum sem hafa ekki stærri brunahólf en 1400m² án aðstoðar frá öðrum liðum, ef aðeins helmingur liðsins mætir færi stærðin niður undir 800m². Í greiningu bygginga, sjá kafla 6., kemur fram fyrir hvaða byggingar slökkviliðið mundi óska aðstoðar strax til að tryggja frekar öryggi. Slökkviliðið skipti Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit í 6 svæði þar sem hver áhætta er skilgreind og notar fyrirbyggjandi upplýsingar.

1. Byggingalýsingu stærð, byggingarefni, starfsemi og brunavörnum húsa.
2. Vatnsmagn sem brunahanar gefa samkvæmt mælingum frá Veitum.
3. Hvaða magn slökkvivatns þarf samkvæmt formúlu
4. Lagnalengd vatnsöflunar sé ekki mikið yfir 200m og staðsetningu búnaðar
5. Mat á vettvangi.
6. Búið er að vinna upplýsingar um stærstu byggingar í bænum og vatnsmagn á svæðinu og verða þær upplýsingar vistaðar hjá sveitarfélaginu en ekki sem opinbert skjal.

1.3 Stærri áhættur í Stykkishólmi.

Staðsetning		Bygginarefni	Starfsemi	Forgangur	Stærð	Vatnspörf	Brunahólf
Aðalgata 1/ Austurgata 1	Svæði 1	Steypa/timbur	Fiskvinnsla /skrifst	Bjarga fólki	680 m ²	25 l/sek	2 hólf
Aðalgata 2	Svæði 1	Timbur	Hótel	Bjarga fólki	232 m ²	13 l/sek	
Aðalgata 8	Svæði 1	Steypa	Hótel	Bjarga fólki	397,5 m ²	22,1 l/sek	
Austurgata 2	Svæði 1	Steypa/timbur	Fiskvinnsla/geymsla	Bjarga fólki	1597,9m ²	71,9 l/sek	
Austurgata 7	Svæði 1	Steypa	Sjúkrahús/heilsugæsla	Bjarga fólki	5736,8 m ²	53 l/sek	2 hólf
Austurgata 7 a	Svæði 1	Steypa	Hótel /íbúðir	Bjarga fólki	1120 m ²	30 l/sek	3 hólf
Borgarbraut 1	Svæði 2	Steypa	Verslun	Bjarga fólki	1163 m ²	50 l/sek	
Borgarbraut 4	Svæði 2	Steypa	Íþróttamiðstöð	Bjarga fólki	2989,6m ²	44 l/sek	
Borgarbraut 6	Svæði 2	Steypa	Grunnskóli	Bjarga fólki	2210,9 m ²	38 l/sek	
Borgarbraut 8	Svæði 2	Steypa	Hótel	Bjarga fólki	3201,7 m ²	48 l/sek	6 hólf
Búðanesvegur 2	Stakt Svæði	Steypa	Leikskóli	Bjarga fólki	556 m ²	17 l/sek	
Hamraendi 1	Svæði 5	Stálgrindarhús	Fiskvinnsla	Bjarga fólki	1692,4 m ²	42 l/sek	
Hafnargata 4	Svæði 1	Steypa	Hostel	Bjarga fólki	442 m ²	21 l/sek	
Nesvegur 13	Svæði 4	Steypa /timbur	Blönduð starfsemi	Bjarga fólki	1275 m ²	35,2 l/sek	9 hólf
Nesvegur 20	Svæði 4	Stálgr/timbur	Iðnaðarhúsnaði	Bjarga fólki	7658 m ²	105 l/sek	
Hafnargata 5	Svæði 1	Timbur	Byggðarsafn	Bjarga fólki	455,3 m ²	30 l/sek	
Skólastígur 11	Svæði 1	Steypa	Tónlistarskóli	Bjarga fólki	670 m ²	25 l/sek	
Skólastígur 14	Svæði 1	Steypa	Dvalarheimili	Bjarga fólki	1230 m ²	25 l/sek	3 hólf
Reitarvegur 3	Svæð 3	Steypa /timbur	Iðnaðarhúsnaði	Bjarga fólki	1179 m ²	75 l/sek	9 hólf
Reitarvegur 12	Svæði 3	Steypa	Blönduð starfsemi	Bjarga fólki	2034 m ²	102 l/sek	3 hólf
Reitarvegur 14	Svæði 3	Steypa	Fiskvinnsla	Bjarga fólki	2670 m ²	43 l/sek	2 hólf

Svæði 1 - Miðbær.

Slökkvivatn á svæðinu eru brunahanar við Aðalgötu 2, 33,6 l/sek, Stykkishólmshöfn á sömu lögn 26,0 l/sek, Skólastígur 1, 21,2 l/sek samkvæmt mælingu og Austurgata 9, 33,6 l/sek. Stutt er í sjó á svæðinu inna við 200m.

Svæði 2 - Verslunar og þjónustusvæði.

Slökkvivatn á svæðinu eru brunahanar á svæðinu við Aðalgötu/Borgarbraut 38,3 l/sek, Skúlagata/Borgarbraut 35,2 l/sek og Borgarbraut/Borgarflöt 21,2 l/sek og til viðbótar er möguleiki á vatni úr sundlaug 34 l/sek í 120 mín (dælugeta).

Svæði 3 - Reitarvegur blönduð atvinnustarfsemi.

Slökkvivatn á svæðinu eru brunahanar við Þórsnes 18,4 l/sek. Lágholt/Sundabakki er á sömu lögn 18,4 l/sek. Silfurgötu 13 15,0 l/sek, möguleiki á að komast í brunahana Lágholt/Silfurgata 15,0 l/sek erfið lagnaleið. Stutt er í sjó á svæðinu en mis gott aðgengi. Ekki er nægjanlegt slökkvivatn fyrir áhættur á svæðinu frá vatnsveitunni.

Svæði 4 - Iðnaðarsvæði við Nesveg.

Slökkvivatn á svæðinu eru brunahanar Skipavíkurhöfn 18,4 l/sek, Nesveg 20/Nestún 19,8 l/sek og Nesveg/Ásbrún 21,2 l/sek að auki við Nesveg 7 er 35,2 l/sek og aðgengi í sjó er gott.

Svæði 5 - Hamraendar blönduð atvinnustarfsemi.

Slökkvivatn á svæðinu eru brunahanar við Hamraenda 2 gefur 21,2 l/sek við Fákaborg 21,2 l/sek og við Hjallatanga 40 gefur 33,6 l/sek. Einnig er nokkuð gott aðgengi í sjó.

Svæði 6 - Helgafellssveit.

Slökkvivatn á svæðinu er frá því sem slökkvilið er með á bílunum og upp í að vera gott sem þó ræðst af veðurfari og árstíma svo sem stöðuvötn við Helgafell, Saura, Sauraskóg, Ögur og ár við Svelgsá, Stafá og Bakká við Skjöld. Í Bjarnarhöfn er aðgengi að vatni mjög lítið yfirleitt.

Stærstu áhættur.

Bjarnarhöfn	Svæði 6	Stálgrind/timbur	Fjánhús	Bjarga fólki/búfé	670,7 m ²	50 l/sek	1 hólf
Bjarnarhöfn	Svæði 6	Timbur	Safn	Bjarga fólki	248m ²	25 l/sek	1 hólf
Skjöldur	Svæði 6	Steypa/timbur	Félagsheimili	Bjarga fólki	346,4m ²	25 l/sek	1 hólf

Orlofshúsa byggð í Sauraskógi - Gróðureldar

Greinagerð.

Helstu áhættur á starfssvæði slökkviliðs Brunavarna Stykkishólms & nágrennis 2021 eru brunar í mannvirkjum, farartækjum, minni skipum og gróðri og hafa alltaf mis miklar afleiðingar. Líkur á mengunar óhöppum eru mestar við flutninga á olíuvörum sem fara allar fram á landi. Við samantekt á búnaði og fjölda slökkviliðsmanna við slökkvistarf eru stærðir brunahólfunar bygginga á svæðinu innan þeirra marka sem liðið á að ráða við með þeim mannafla og tækjabúnaði sem liðið hefur til umráða á svæðinu og verður alltaf byggt á mati meðal annars við vinnslu slökkviáætlunar af slökkviliðsmönnum og slökkviliðsstjóra.

Viðbrögð við mengunarslysum á slökkviliði að ráða við núverandi áhættur miðað við þann búnað sem nota þarf við þær aðstæður sem má sjá mengunavarnaráætlun kafla 1 og kafla 6 um sérstakar hættur .

Komi upp ófyrirsjáanlegar aðstæður, svo sem slys sem hafa ekki orðið á 50 ára tímabili og önnur slys sem viðbragðsaðilar hafa enga reynslu af og eiga ekki búnað til að ráða við sem slökkvilið ræður ekki við þarf að leita aðstoðar frá öðrum aðilum t.d. Neyðarlínunni og Almannavörnum sem hafa yfir að ráða sérþekkingu og búnaði.

Niðurstaða.

Aldrei er hægt að sjá fyrir öll slys en okkar mat er að slökkviliðið ætti að ráða eitt eða með aðstoð annarra við þau slys sem geta talist eðlileg. Það sem helst skortir í þessari greiningu er að æskilegt væri að hafa körfubíl til vinnu í stærri byggingum. Menntun í reykköfun og eiturefnaköfun þarf að auka og koma upp eiturefnabúnaði samkvæmt reglugerð.

2. Kafli - Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:

- 1. Vatnsöflun og slökkvistarfar utanhúss*
Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn hafa fengið og fá þjálfun til að geta sinnt vatnsöflun, slökkvistarfi utanhúss og á víðavangi. Þjálfun er í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. Það er að lágmarki 20 klst. á ári.
- 2. Slökkvistarfar innanhúss og reykköfun*
Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. Svo og reglugerð um reykköfun 792/2001 og 1088/2013.
- 3. Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum*
Á svæðinu eru til staðar björgunartæki til björgunar m.a. úr bílflökum. Slökkviliðsmenn hafa fengið þjálfun með klippubúnað. Slökkviliðið sér um að bjarga fólki með klippum og glenum.
- 4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum.*
Slökkviliðið sinnir mengunar og eiturefna slysum á starfsvæðinu. Í áhættumati eru ekki að finna stórar áhættur á starfssvæðinu og í framkvæmda og menntunaráætlun stefnir slökkviliðið á meiri búnað og menntun.
- 5. Eldvarnareftirlit*
Eldvarnareftirlit á að vera í samræmi við lög nr. 75/2000 svo og reglugerð um Eldvarnareftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði samkvæmt reglugerð 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Eldvarnareftirlit er framkvæmt af slökkviliði. Verði beitingar á eldvarnareftirliti þarf að endurskoða Brunavarnaáætlun.
- 6. Slökkvistarfar í skipum*
Slökkviliðið sinnir og eða aðstoðar við slökkvistarfar í skipum og bátum sem staðsett eru í höfn t.d. hefur ferjan sjálfvirkt slökkvi og sprinklerkerfi.
- 7. Slökkvistarfar á flugvelli*
Slökkviliðið sinnir óhöppum sem hugsanleg verða en völlurinn er lítið notaður ekki þjónustaður svo einungis um einkaflug að ræða .

Önnur þjónusta

Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, samkvæmt beiðni o.fl.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Hægt er að senda að lágmarki dælubíll og tankbíl með 5 til 6 manns. Samningur er til á milli allra slökkviliða á vesturlandi um gagnkvæma aðstoð. Fylgiskjal nr. 9.

3. Kafli - Skipulag slökkviliðs

Slökkvilið Brunavarna Stykkishólms & nágrennis er í eigu Sveitarfélagsins Stykkishólms og sjá um rekstur þess samkvæmt fjárhagsáætlun og slökkviliðsstjóri ráðin af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms. Skipurit fyrir Slökkvilið Brunavarna Stykkishólms og nágrennis er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.

Skipulag slökkviliðs Stykkishólms

Sveitarstjórn	
Slökkviliðsstjóri	
Varaslökkviliðsstjórar	
Forvarnardeild	Útkallsdeild
Eftirlit	Slökkvilið
Fræðsla	25 slökkviliðsmenn

Mynd 1. Skipurit Slökkviliðs Stykkishólms

3.1. Skipulag.

Slökkvilið Stykkishólms og nágrennis er rekið af Sveitarfélaginu Stykkishólmi og sjá um fjármögnun á viðhaldi og endurnýjun búnaðar. Slökkviliðsstjóri ráðinn í dag í 20% hluta starf og 2 varaslökkviliðsstjórar í 5% hluta starf auk 22 slökkviliðsmanna sem sinna menntun, æfingum og útköllum en hafa ekki aðra fasta viðveru. Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveitar og slökkviliðsins. Brunavarnir eru hluti af almannavarnarkerfinu og sinna þær brunavörnum og mengunarslysum í samvinnu við aðra björgunaraðila. Heildar fjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 10 til 15 á starfssvæði slökkviliðs og alls eru 3 lögreglumenn á vegum Lögreglustjórans á vesturlandi. Yfirmenn slökkviliðsins eru þrír, þ.e. Slökkviliðsstjóri og tveir varaslökkviliðsstjórar. Eldvarnareftirlit er í dag í höndum slökkviliðstjóra.

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur slökkviliðs á grundvelli laga, reglugerða og samninga um slökkviliðið. Sveitarstjórn skipar staðgengil slökkviliðsstjóra í samráði við slökkviliðsstjóra. Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða þess sem er stjórnandi hverju sinni t.d. slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðstjórar sem eru með stjórnunarnámskeið og geta stjórnað á vettvangi. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- stjórná starfseminni og samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar.
- stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- vinna að því að búnaður liðsins, æfingar, færni, menntun og þjálfun starfsmanna sé í samræmi við gildandi þjónustustig hverju sinni.
- Sjá til þess að slökkviáætlanir og upplýsingar um aðstæður í þétt- og dreifbýli séu til staðar og uppfærðar reglulega
- stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.

- Í útköllum er unnið eftir skipulagi sem skilgreinir í megin dráttum í kafla 3.3 hvert verkefni manna er í ákveðnum útköllum.

3.2. Forvarnarstarf

Eldvarnaeftirliti er framkvæmt af slökkviliði.

Dagleg umsjón forvarna heyrir undir starfsemi slökkviliðsstjóra / slökkviliðs. Vegna forvarnarstarfs þarf eldvarnaeftirlitsmann í a.m.k. 40% starfshlutfall.

Helstu verkefni eru:

- upplýsingagjöf til hönnuða.
- skoðun teikninga bygginganefndar.
- úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga. (samvinna aðila)
- umsögn vegna veitinga- og gististaða.
- sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum. (samvinna aðila)
- fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- fræðsla í skólum um eldvarnir.
- slökkviliðsstjóri situr fundi skipulags- og byggingarnefndar.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er í höndum slökkviliðsstjóra.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnaeftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnaeftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Undirmenn hans mega hafa minni menntun svo sem Eldvarnaeftirlitsmann I og/eða II. Eldvarnaeftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Listi um skoðunarskylda staði er í listanum í fylgiskjali 2 – skoðunarskyldar byggingar.

3.3. Útkallsstarf

Slökkviliðsstjóri samþæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við þarfir hverju sinni. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru:

- slökkvistarf
- viðbrögð við umhverfisslysum
- björgun vegna umferðaróhappa
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- björgunar- og slökkvistörf
- almannavarnir
- viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði

Útkallseining 1 Dælubíll 33-131

Stjórnanda

Tvo reykkafara

Stjórnanda reykkafara.

Bílstjóra/dælu/slöngumenn allt að 8 manns.

Útkallseining 2 Dælubíll 33-132.

Dælubíll tvö fimm menn eða fleiri.

Tvo reykkafara.

Dælumann/vatnsöflunar menn.

Útkallseining 3 Tankbíll 33-151

Tankbíll einn til tveir menn

Sjá menntun og æfingaráætlun slökkviliðsmanna í fylgiskjölum 3, 3.1, 3.2, 4, og 4.1.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Heildar fjöldi slökkviliðsmanna í dag er að lágmarki 20 og að hámarki 25 með stjórnendum. Í fyrstu útkallseiningu eru að lágmarki 5 (stjórnandi, tveir reykkafarar, stjórnandi reykkafara og bílstjóri/dælumaður). Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og gildandi þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við menntun og þjálfun. Ekki hafa þó allir tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbifreiðum og aðrir eru ekki færir um að stunda reykköfun.

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhús ásamt reykköfun, klippuvinnu og minni háttar mengunarslysi s.s. olíuleka.

- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera menntaðir og þjálfaðir til að vinna klippuvinnu sem slökkviliðið annast.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Vegna slökkvistarfs í skipum verða a.m.k. 75% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að geta tekist á við þennan þátt.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna vera þjálfaðir til slökkvistarfs á víðavangi (gróðureldar).
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera menntaðir og þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.
- Flugvöllur er á svæðinu en ekki í rekstri, slökkviliðið sinnir slysum á honum ef þau verða.
- Við meiri háttar bruna þarf aðstoð frá öðrum slökkviliðum, björgunarsveit sem og öðrum eftir umfangi. Samskipti fara fram á Tetra. Þetta á við um bruna og rýmingu, svo sem á gistsstöðum, sjúkrahúsi, dvalarheimili, stærri atvinnuhúsnæði og gróðureldum.

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð kunnugir um héraðið og rata um vegi sveitarfélagsins en til taks eru í slökkviliðsbifreiðum landakort af svæðinu og er notast við þau ef á þarf að halda. Í slökkvibíl verður mappa með grunnupplýsingum og staðháttaupplýsingum af sveitarbæjum og upplýsingum um vatnsból og helstu þætti, ásamt kort af dreifbýli og götukorti í þéttbýli. Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir því að uppfæra þessar upplýsingar. Sjá fylgiskjal 1 – útkallstími og 1.1 - útkallssvæði.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við þjónustustig og gildandi reglur, æfingaráætlun fylgiskjal 4 og menntunaráætlun er í fylgiskjal nr. 3.2.

Ekki er vitað um sérstakar áhættur á starfsvæðinu sem krefjast sérstakrar menntunar og þjálfunar slökkviliðsmanna fyrir utan það ofan er greint.

3.4. Önnur verkefni.

Slökkvilið Brunavana Stykkishólms & nágrennis sinnir aðeins lögbundnum verkefnum, útköll verða alltaf í forgangi. Ef til annarra verkefna kemur t.d. vatnstjón eða annað sem slökkvilið hefur getur leyst þá er aðstoðað við þá vinnu.

3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Neyðarsvörun er í höndum Neyðarlínunnar sem sér um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum eða símhringingum. Samskipti við Neyðarlínu fara fram á TETRA.

Fjarskipti við aðra samstarfsaðila eru í gegnum TETRA.

Hlutverk slökkviliðs í almannvá eru skilgreind í Viðbragsáætlun vegna hópslysa í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi, sjá kafla 8.12.

8.12 Slökkvilið Stykkishólms

Neyðarstig grænn

1. Fá boð frá Neyðarlínu.
2. Starfa samkvæmt daglegu viðbragði.

Neyðarstig gulur

1. Ef áætlunin er virkjuð: Sjá neyðarstig rauður.

Neyðarstig rauður

1. Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans fer í stjórnstöð aðgerðastjórnar.
2. Tilnefnið björgunarstjóra.
3. Sendir það lið á staðinn sem þarf miðað við aðstæður.
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr farartækjum og / eða mannvirkjum.
5. Koma í veg fyrir og slökkva eld.
6. Bregðast við mengun, hindra útbreiðslu og hreinsa upp.
7. Bráðaflokkun á slysstað er undir stjórn björgunarstjóra.
8. Að loknu slökkvistarfi og björgun úr flaki byrja slökkviliðsmenn að hlúa að þolendum og aðstoða við flutning þeirra á SSS eða í næsta fánlega skjól.

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir Vesturlands og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum Almannavarna. Helstu viðburðir sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu t.d. meiriháttar bruni eða rýming á hjúkrunar- og dvalarheimili, sjúkrahúsi, fiskvinnslu eða öðrum stað þar sem fjölmenni er saman komið. Hægt er að keyra um með sírenu og láta almenning þannig vita af yfirvofandi hættu, einnig er hægt að senda boðun í farsíma á svæðinu með sms texta í gegnum neyðarkerfi Almannavarna.

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna. Neyðarlínan sér um boðun slökkviliðsins með SMS skilaboðum og símhringingum. Boðunin er gerð samkvæmt ákvörðun hennar. Viðmiðið sem notast er við er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn út úr stöð innan sex mín miðað við eðlilegar aðstæður með fimm slökkviliðsmenn þ.a.s.

3.6. Útkallstími

Slökkviliðsstjóri sér um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap.

Brunavarnaáætlun Brunavarna Stykkishólms & nágrennis

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 60 sek. miðað við 5 menn (útkallseining 1), frá því að dælubíll stöðvar við eldstað í þéttbýli. Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti, samanber fylgiskjal 1. Mannvirki á útkallssvæði 3 eru mjög fá. Á mörkum útkallssvæði 3 og 4 er eitt býli. Önnur mannvirki eru ekki á útkallssvæði 4. Þau byggingarleyfi sem verða gefin út, munu taka mið af þeim reglum sem eru í gildi á hverjum tíma.

Þar sem slökkvilið er lengur en 15 mín er séð til þess að fólk sé upplýst um mikilvægi slökkvitækja, reykskynjara og rýmingarleiða Eldvarnaeftirlit á svæðum utan við 15 mín verður aukið með eftirliti og fræðslu.

- Útkallssvæði 1 – íbúðarbyggð.
- Útkallssvæði 2 – Blönduð byggð.
- Útkallssvæði 3 – Landbúnaður.
- Útkallssvæði 4 – Óbyggt svæði.

Landfræðilegt þjónustusvæði slökkviliðsins er frá miðri Vatnaleið á Snæfellsnesi í suðri, að Hraunfirði í vestri og í botn Álftafjarðar í austri. Mannvirki á þessu svæði er innan 20 mínútna útkalstíma við eðlilegar aðstæður. Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð kunnugir um héraðið og rata um vegi sveitarfélagsins en til taks eru í slökkviliðsbifreiðum landakort af svæðinu og er notast við þau ef á þarf að halda. Í slökkvibíl er mappa með grunnupplýsingum og staðháttarupplýsingum af sveitarbæjum og upplýsingum um vatnsból og helstu þætti, ásamt kort af dreifbýli og götukorti í þéttbýli. Þetta er til staðar í bifreiðum en verður uppfært við samþykkt brunavarnaráættunnar. Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir því að uppfæra þessar upplýsingar. Sjá fylgiskjal 1 – útkallstími og 1.1 - útkallssvæði.

4. Kafli - Húsnæði og tækjabúnaður

Allur búnaður slökkviliðsins er í eigu Sveitarfélagsins Stykkishólms og gildir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins um þær. Afskriftir eru samkvæmt afskriftareglum sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

4.1. Húsnæði

Slökkvistöðin er að Nesvegur 1a, Stykkishólmi

Byggingin er ein brunasamstæða, byggð árið 2002 og er öll á 316,2 m². (Byggingin er teiknuð sem þrjú brunahólf en þar sem frágangur veggja er ekki í samræmi við byggingarreglugerð í dag). Í suðurenda eru slökkvistöð. Bílageymsla er í tveimur bilum. Fyrir miðri vesturhlíð er geymsluloft. Frá bílageymslu er EI-30S hurð að anddyri. Salerni og skrifstofa er sunnan megin við ganginn. Aðalinngangurinn er fyrir miðri austurhlíð. Norðan megin við ganginn er skrifstofa og geymsla (búningsherbergi á teikningu). Í



norðurhluta er bílageymsla björgunarsveitar. Frá forstofu er EI-30S hurð. Fyrir miðri norðurhlíð er milligólf sem er opið að bílageymslu. Frá milligólfi er EI-30S hurð að sal (herbergi). Veggur að þessum sal er EI60 (en klæðning spónaplötur). Upp við þak er aðeins einföld (12 mm) spónaplata. Þörf er á stækkun húsnæðis til að búnaði fyrir, en ekki liggur fyrir áætlun um stækkun við gerð þessarar skýrslu.

4.2. Búnaður

Slökkvibíll

- M Benz 1222 dælubíll árgerð 1984 33-132, með 1.200 l vatnstank og 2400 l/mín. dælu.
- M Bens 1124 dælubíll árgerð 1997 33-131 með 2.200 l vatnstank og 2700 l/mín dælu mv 3 m soghæð 3400 l/mín max 250 l/mín háþrýsti.
- Man TGS 440 tankbifreið 16000 lítra með úrtaki fyrir dælubíl eða til afhleypingar.
- Brunahanar og vatnstökusvæði , sjá viðhengi 6 – Brunahanar og Vatnstökusvæði og 7 – Mælingar.

Önnur tæki

- Í útköllum er notast við tilfallandi bifreiðar til mannflutninga. Samkvæmt lögum nr. 75/2000.
- Eiturefnakerra sem kom frá brunamálastofnun um árið 2006, ástand er gott en gallar fallnir á tíma, er staðsett í Stykkishólmi. Kerran er sameign sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

- Laus dæla Angus 1400 l/mín. Ástand gott
- Laus dæla Tohatsu 2000 l/mín Ástand gott
- Grindex brunndæla 900 l/mín Ástand gott
- Rafstöð Power Craft 4 Kw, disel í 33 - 132 Ástand gott
- Rafstöð Dynawatt 4 Kw ástengd í 33 - 131 Ástand gott
- Ljósamastur 1 stk laust og 1 stk á hvorum bíl

Reykköfunarbúnaður

- 2 sett AGA Spiromatik, reykköfunartæki, ástand viðunandi.
- 1 sett Fensy 5000 reykköfunartæki ástand gott
- 2 sett Scott Propack reykköfunartæki m/fjarsk. ástand gott
- 4 sett Fensy Aegis reykköfunartæki m/fjarsk. ástand gott
- 4 sett Fensy Aegis reykköfunartæki ástand gott
- 10 auka kútar fyrir reykköfun.
- Loftpressa til hleðslu Kayser 300 bar. 1. stk.
- Loftpressa reykköfun L&W 300 bar 1. stk
- Loftbanki 3. stk.
- Reykkafara stjórnborð 1. stk.
- Líflína 1. stk.

Skyndihjálparbúnaður

- Skyndihjálpar búnaður í lagi.
- Hjartastuðtæki Ekki til.
- Búnaður fyrir froðu, blandari og stútar. Ástand gott
 - 2 stk. froðustútur
 - 3 stk. millifroðutrekt
 - 4 stk. millifroðublandari
 - 2 stk Leader froðublandarar fyrir háþrýsti með froðustút og millifroðutrekt
 - 300 lítrar A froða 0,3% blöndunarstyrkur
 - 40 lítrar 3% AFFF

Stútar, greinistykki og lagnir

- Greinistykki 6 stk.
- Safnstykki 2 stk
- Millistykki B/C 8 stk
- Millistykki A/B 4 stk.
- AWG 5 stk.
- Akron 3 stk.
- AWG plast 5 stk

Brunavarnaáætlun Brunavarna Stykkishólms & nágrennis

- Unifire 3 stk.
 - Arkon monitor 1 stk.
 - Arkon háþrýsti 2 stk.
 - AWG monitor 1 stk.
 - Stofnlagnir 4" 80 m.
 - Stofnlagnir 3" 520 m.
 - Fæðislöngur 2 ½" 1000 m.
 - Vinnuslöngur 2" 600 m.
 - Vinnuslöngur 1 ½" 200 m.
 - Vinnuslöngur 1" 220 m.
 - Sogbarkar 4 stk. 5" 3 m
 - Sogbarkar 6 stk. 5" 2 m
 - Sogbarkar 4 stk. 3" 3 m.
-
- Yfirþrýstingsblásari, Tempest, bensín og Typhoon bensín.
 - Skífusög, rafmagns
 - Holmatro björgunarklippur eitt sett klippur 30 tonn glennur 16 tonn og tjakkur 16 tonn.
 - Weber 3 klippur 30 tonn 1 glenna 22 tonn og 1 tjakkur 16 tonn
 - Lukas batterís björgunarsett klippur S700, glenna S777 og tjakkur R421E2.
 - Hleðslutæki og spennibreytir fyrir 220v .

Hlífðarfátnaður

- 2 stk. Eiturefnagallar.(komnir á tíma aldrei notaðir)
- 26 stk. Hlífðargalla
- 26 stk. Hjálmar.
- 26 stk. Öryggisstígvél.
- 26 stk. Reykköfunarhettur.

Handverkfæri eru öll í góðu standi og eru yfirfarin mánaðarlega.

- Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, brotverkfæri o.fl.

Stigar

- 1 stk. Stigi 10 m tréstigi
- 1 stk. Stigi 11,60 m ál
- 1 stk Stigi 9 m ál
- 1 stk Stigi 4,5 m ál

Notast er við VHF fjarskipti á lokuðum rásum slökkviliðsins, ekki er til staðar endurvarpi fyrir rásir slökkviliðs en hægt er að notast við endurvarpa almannavarna og björgunarsveita. Farskipti við Neyðarlínu eru á TETRA. Engar varaleiðir eru til staðar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhaldi, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma.

- Tetra handstöðvar.....12 stk.
- Talstöðvar (búnaður) fyrir reykkafera8 stk.
- Handstöðvar VHF.....15 stk.
- GSM símar.....21 stk.

GSM. Símar slökkviliðsmanna samkvæmt samningi við sveitarfélagið..

4.3. Æfingarsvæði

Verið er að byggja upp æfingarsvæði fyrir slökkviliðið en jafnframt heldur er notast við þau svæði, húsnæði og aðstöðu sem í boði eru hverju sinni og best henta.

5. Kafli - Slökkvivatn

Vatnið kemur úr lind í Svelgsárhrauni sem er 14 km frá Stykkishólmi aðveitulögnin er 280mm plastlögn og á leiðinni eru tvær dælustöðvar önnur í Sauraskógi hin við Hamraenda sem er efst í bænum.

Slökkvilið er með ca 20 þúsund lítra af slökkvivatni í sínum bifreiðum.


Í slökkviáætlun kemur fram nýting og geta brunahana við viðkomandi áhættur á hverju svæði.

Í Stykkishólmi eru 35 brunahanar með vatnsþrýsting á fullopnun upp á 0.2 til 1.4 frá mæligildum Veitna, afköst 15 l/sek uppí um 40 l/sek miðað við mælingu Veitna. Viðhald vatnsveitu og þar með brunahana er í höndum Veitna allt árið. Nánari upplýsingar er að finna hjá Veitum, Stykkishólmi. Þar sem skortur er á vatni er tankbifreið notuð. Verktakar sjá um vetrarþjónustu í bæjarfélaginu og ryðja þá frá brunahönum og slökkvistöð. Sé ekki fært á býli eða í vatnsból vegna snjóa er fengin verktaki til að moka. Vegagerðin sér um mokstur aðalvega.

